

Skipulags- og samgönguráð, dags. 29. janúar 2020: Fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um aðgengi eldri borgara um göngugötur (USK2020010081):

Nú hafa ný umferðarlög tekið gildi varðandi aðgengi fatlaðra um göngugötur sbr. 10. gr. 2019 nr.77 25. júní. Þar segir m.a. að borgaryfirvöldum ber að veita fötluðu fólki aðgengi svo það get sótt í þá þjónustu sem veitt er í göngugötum. Flokkur fólksins spyr hvort borgaryfirvöld vilji ganga enn þá lengra en lagasetningin segir til og veita eldri borgurum sem erfitt eiga með gang og hreyfingar sama aðgengi og fötluðum er veitt í þessum lögum.